

Fundur stýrihóps um heilsueflandi samfélag haldinn í Ráðhúsi Borgarbyggðar 28. maí 2019 kl.15:30.

Mætt: Silja E. Steingrímsdóttir, Íris Grönfeldt, Sigurður Guðmundsson, Hanna Sigríður Kjartansdóttir og Signý Óskarsdóttir. Fundargerð ritaði Anna Magnea Hreinsdóttir.

Dagskrá:

1. Hreyfivika.
Sigurður Guðmundsson sagði frá helstu viðburðum á Hreyfiviku innan UMSB. Dagskrá hefur verið send inn á öll heimili.
2. Forvarnir og heilsueflandi samfélag – sameiginlegir fletir.
Rætt um samlegðaráhrif af stýrihópi um heilsueflandi samfélag og forvarnarhópnum og hvernig þessir tveir hópar geta unnið saman og styrkt starf hvers annars. Ákveðið að fela sviðsstjóra fjölskyldusviðs að setja saman árleg verkefni hópanna til að fjalla um á næsta fundi stýrihópsins.
3. Kynning á forvarnarverkefnum.
4. Guðný Jóna Guðmarsdóttir kynnti forvarnar- og fræðsluverkefni sem lúta að andlegri heilsu og vellíðan íbúa og er í raun lýðheilsuverkefni. Stýrihópurinn lýsti áhuga á að fá Guðnýju Jónu til að taka að sér ákveðin verkefni næsta vetur.
5. Helstu áherslur næsta vetur.
 - Kynning á niðurstöðum könnunarinnar Ungt fólk í grunnskólum Borgarbyggðar og í Menntaskóla Borgarfjarðar í haust í samstarfi við foreldrafélög skólanna.
 - Fræðsla um svefn í haust
 - Mikilvægi jákvæðrar sjálfsmyndar tekið til umfjöllunar í vetur
 - GeðverndÁkveðið að fela sviðsstjóra fjölskyldusviðs að gera drög að fræðsluáætlun næsta vetur og leggja fyrir næsta fund.

Fleira ekki gert. AMH

Fundi slitið kl.17:00